

Stjórnarfundur FEB nr. 469 miðvikudaginn 23. febrúar 2022 kl. 13.30 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík.

Mættir aðalmenn; Ingibjörg Sverrisdóttir, Kári Jónasson, Geir A. Guðsteinsson, Ingibjörg Óskarsdóttir, Ólafur Örn Ingólfsson, Sigurbjörg Gísladóttir og Viðar Eggertsson.

Mættir varamenn; Finnur Birgisson og Halldór Frímannsson.

Fjarverandi; varamaður Kolbrún Stefánsdóttir.

Auk þess sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

Dagskrá:

1. Fundarargerð stjórnarfundar 9. febrúar 2022 samþykkt.
2. Aðalfundur verður 8. mars 2022 í Stangarhyl 4. Framkvæmdastjóri FEB kynnti drög að ársreikningi 2021, þar fram kom að rekstarhagnaður sé áætlaður tæpar 15,8 milljónir króna. Endurskoðaðir reikningar verða kynntir stjórn FEB mánudaginn 28. febrúar kl. 13:30.
3. Undirbúningur aðalfundar er í fullum gangi. Tillögur að skoðunarmönnum reikninga, fundarstjóra aðalfundar og fundarritara eru í vinnslu og verða ljósar á næstu dögum.
4. Varðandi siðareglur FEB þá töldu fundarmenn eðlilegt að þær yrðu byggðar á grunni siðareglna LEB (sem eru í vinnslu) en einstaka þættir síðan aðlagðir að FEB þar sem við á.
5. Drög að úthlutunarreglum Leigufélags aldraða (LA) voru næst á dagskrá en þau kynnti Halldór Frímannsson. Úthlutunarreglurnar verða síðan birtar á heimasíðu Leigufélags aldraða þegar þær eru endanlega frágengnar.
6. Varðandi sveitastjórnarkosningar 14. maí 2022 þá hefur verið í undirbúningi hjá LEB og öllum aðildarfélögum samantekt á nokkrum atriðum sem sett verða fram sameiginlega sem baráttumál. Einblöðungur með þessum þáttum verður prentaður og dreifður til félaganna til notkunar í viðræðum við frambjóðendur í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Síðan bæta félögin við staðbundnum áherslumálum eins og við á í þeirra sveitarfélögum. Einblöðungurinn verður birtur á vefsíðu félagsins þegar hann er tilbúinn.
7. Á áætlun er að stjórnarmenn FEB fundi með hverju og einu framboði til borgarstjórnarkosninga í vor með okkar áherslumál að vopni og þau þannig kynnt væntanlegum borgarstjórnarfulltrúum.

8. Stjórn var kynnt samkomulag um samstarf milli FEB og LEB varðandi afsláttarbókina þetta árið.
9. Á fundinum var Halldór Frímansson tilnefndur formaður húsnæðisnefndar FEB. Húsnæðismál eldra fólks eru í þrengingum svo nauðsynlegt er að leggja meiri þrýsting á þau mál í sveitarfélaginu og ætlar félagið að beita sér fyrir því.
10. Fundi slitið kl. 15:45

Fundargerð ritaði

Geir A. Guðsteinsson

Ingridur H. Gunnarsson
Ingridur Óskarsdóttir
Ingridur Guðadóttir
Ólafur Benfjall
Eiríkursson
Geir A. Guðsteinsson
Björn Einarsson